

EFTIRLITSSKÝRSLA

Alcoa-Fjarðarál Reyðarfirði Reyðarfjörður



Dags eftirlits	10.10.2013	Fulltrúi UST	Halla Einarsdóttir
Fyrirtæki	Alcoa-Fjarðarál Reyðarfirði	Fulltrúi UST	Sigríður Kristjánsdóttir
Heimili	Hrauni 1	Tegund eftirlits	Reglubundið seinna eftirlit
Kennitala	5203034210	Flokkur	Ál
Fulltrúi fyrirtækis	Guðmundur Sveinsson Kröyer	ÍSAT nr.	24.42.0
Fulltrúi fyrirtækis	Dagný B. Reynisdóttir	Staðsetning	729651,982 512054,012

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Í eftirlitinu komu ekki fram ný frávik en ein athugasemd var gerð við umgengni og ástand kerloka í kerskála.

UMFANG EFTIRLITS

Í eftirlitinu var byrjað á að fara yfir gagnaskil.

Skýrslum um mælingar á olíumístri víravélar fyrir árin 2010, 2011 og 2012 var skilað til UST 3.10 2013. Niðurstöður þeirra sýna að útblástur olíu er undir losunarmörkum reglugerðar 255/2002 um takmörkun á útstreymi rokgjarnra lífrænna efna vegna notkunar á lífrænum leysiefnum í tiltekinni starfsemi.

Ársfjórðungsskýrslur voru uppfærðar samkvæmt kröfum UST um útreikning á flúorlosun í ryki frá reykháfum og hafa nú verið samþykktar.

Samantekt mælinga úr ryksöfnurum öðrum en reykhreinsivirkjanna var skilað 27.6.2013. Niðurstöðurnar sýna ryklosun innan losunarmarkna.

Eitt mengunaróhapp var tilkynnt til UST þegar um flúor lak á steipt plan frá flúorsílóí að kerskála. Strax var hafist handa við hreinsun og náðist mestur hluti flúorsins upp. Áætlað er að innan við tonn hafi ekki náðst upp vegna vindfoks.

Þá var farið yfir úrgangsmál.

Allur úrgangur er endurunninn héraðs eða sendur erlendis til endurvinnslu, Lífræn úrgangur er urðaður á viðurkenndum urðunarstað við Þernunes í Reyðarfirði.

Olíuskilja vestan við skautsmiðju var síðast tæmd í febrúar 2012 og var úrgangur úr henni sendur í safntank hjá Skeljungu á Eskifirði.

Í skautsmiðju er þrjár ryksafnarar: fyrir hvítt ryk (baðefni), grátt ryk og svart ryk (kolefni). Hvítt ryk er endurnýtt á staðnum. Svarta rykið er flutt erlendis til Noregs í endurvinnslu og, grátt ryk er flutt til Bretland til endurvinnslu. Uppi eru hugmyndir um að endurskoða endurvinnsluleiðir fyrir svarta rykið og er verið að skoða að flytja rykið til móttökuaðila í Þýskalandi. Endanleg ákvörðun liggur ekki fyrir. Áætlað er að um 17 gámar bíði útflutnings.

Stálsandi sem fellur til við hreinsun á kerskeljum í kersmiðju hefur verið safnað saman í gám, á meðan verið er að kanna hvort möguleikar séu á hreinsun og endurnýtingu hans í ferlið. Að öðrum kosti verður stálsandurinn fluttur erlendis til endurvinnslu.

Straumteinaúrgangu hefur verið sendur til Hringrásar í Reyðarfirði sem sér um útflutning þess til endurvinnsluaðila. Minnt var á mikilvægi þess að rekstraraðili tryggi að réttar upplýsingar berist til móttökuaðila um viðeigandi geymslu og meðhöndlun úrgangsins.

Gámapjónustan tekur við spilliefnum og geymir á gámvelli að Hrauni 7 í viðeigandi gámum með lekavörn.

Kerfisbundnar ástandskoðanir eru gerðar á gámum fyrir álgjall og er verið að koma sambærilegu kerfi á fyrir kerbrotsgámana. Skráningarblað um ástandsskoðun fylgir hverjum gámi í gegnum útflutningsferlið.

Að lokum var farið í skoðunarferð um svæðið þar sem að litið var á olíugildir, gámvöll, hleifavél í steypuskála og kerskála. Almennt var snýrtilegt um að lífast en frágangur lóðar er á lokastigi.

ATHUGASEMDIR

Athugasemd var gerð við lokun kerja í kerskála þar sem að hlerarnir voru víða beyglaðir og illa lokaðir. Mikilvægt er að lokunin sé þétt til að lágmarka reykslepp í gegnum rjáfur kerskála.

ANNAÐ

Vöktun flúors í grasi í Reyðarfirði.

Rekstraraðili og Umhverfisstofnun funduðu reglulega í sumar ásamt fulltrúa frá MAST um niðurstöður flúormælinga í grasi en styrkur flúors mældist nokkuð hár, þó innan viðmiðunarmarkna fyrir grasbita í reglugerð 340/2001 um eftirlit með fóðri. Rætt var um vöktunarmælingar á búfenaði, sláturdýrum og heyi. Niðurstöður þessara mælinga liggja ekki fyrir en eru væntanlegar.

Reykjavík, 19.11.2013

Halla Einarsdóttir

Halla Einarsdóttir

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.